

Umhverfisstofnun
Áb. _____
22. mars 2017
Tilv. _____

Ísólfur Gylfi Pálmason
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 21. mars 2017
UST201703-027/B.S.

10.02 ~~05.01~~

Efni: Vindmyllur - Rangárþing Eystra. Umsögn

Vísað er til bréfs Rangárþings eystra dags. 6. mars sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar varðandi vandamál sem fylgt geta staðsetningu vindmylla.


Umhverfisstofnun telur að ganglegt geti verið að líta til reynslu Dana þegar að vindmyllum kemur. Þar í landi hefur á undanförunum áratugum verið komið fyrir fjölda vindmylla víðsvegar um landið. Þar virðist þróunin vera sú að sífellt fleiri virðast andvígir því að staðsetja nýjar vindmyllur nærri byggð og áhersla virðist frekar lögð á að staðsetja vindmyllur sífellt fjær byggð og á síðustu árum í vindmyllugörðum úti fyrir ströndum landsins. Nú eru fram komnar hugmyndir um að flytja þessi mannvirki lengra út á haf til að draga enn frekar úr sýnileika mannvirkjanna og þeim öðrum óskostum sem talið er að fylgi stórum vindmyllum nærri byggð s.s. hávaða. Einnig er vert að benda á að tilhneigingar gætir til að framleiða sífellt stærri vindmyllur og eru nú uppi áætlanir um að framleiða allt að 300 m háar vindmyllur í Danmörku.


Afstöðu Dana til vindmylla í dag má líkast til líkja við afstöðu margra til staðsetningu háspennulína á Íslandi þar sem sífellt eru gerðar kröfur um að línurnar verði reistar fjarri byggð eða alfarið lagðar í jörðu.

Umhverfisstofnun telur að gagnlegt væri fyrir sveitarfélagið að skilgreina landslag eða útsýni þar sem síður væri talið æskilegt að staðsetja vindmyllur. Vel er hægt að hugsa sér fallett útsýni til Fljótshlíðar, Stóra-Dímans, Eyjafjallajökuls eða Vestmannaeyja. Líta ætti fremur til svæða þar sem um einsleita víðáttu er að ræða þar sem mannvirkin ber aðeins við haf og himinn. Þannig væri síður um að ræða staðsetningar norðan Hringvegar 1. Sunnan Hringvegar væri gætt að útsýni til Vestmannaeyja og forðast ætti svæðið milli Markarfljóts og Skógaár þar sem stutt er milli fjalls og fjöru. Þannig kæmi helst til greina svæðið milli Þykkvabæjar og Markarfljóts, en taka ætti mið af þeim athugasemdum sem fram komu við áætlanir um fjölgun vindmylla við Þykkvabæ. Einnig ætti að líta til mögulegra áhrifa á farleiðir fugla og á hátíðnihljóð og hávaða sem fylgt geta slíkum mannvirkjum. Hafa ber í huga að þegar að endurnýjun vindmylla kemur gætu mannvirkin orðið mun stærri en þær vindmyllur sem í upphafi eru reistar þannig að velja skal þeim stað með það í huga.

Umhverfisstofnun telur að lokum að frekar en hvert sveitarfélag ákveði að staðsetja vindmyllur hvert í sínu sveitarfélagi eigi frekar að líta til landsins í heild og velja svæði sem hentar til slíkrar orkuframleiðslu og þar sem hægt er að koma fyrir mjög mörgum vindmyllum í stað þess að dreifa þeim um land allt.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri